

Berist til bæjar-/ byggðarráða og framkvæmdastjóra sveitarfélaga.



Sæl.

Á degi aðgengis, 11. mars síðastliðinn, var haldinn sögulegur blaðamannafundur í Skyrgerðinni (gamla hótelinu) í boði bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar.

Forseti bæjarstjórnar stjórnaði fundi í forföllum bæjarstjórans (covid) sem jafnframt er formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Þar töluðu forsætisráðherra, innviðaráðherra, borgarstjóri og Haraldur Þorleifsson, hvatamaðurinn að verkefnunum Römpum upp Ísland og Römpum upp Reykjavík. Forseti Íslands, sem er verndari verkefnisins, forfallaðist einnig vegna veikinda en sendi fallegt stuðningsmyndband.

Markmiðið með Römpum upp Ísland er að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslun og veitingahúsum á Íslandi. Stofnunin styrkir einkaaðila til að koma upp römpum eða annars konar lausnum við innganga sína og tryggja þannig að fólk með hreyfihömlun hafi aðgengi að þeirri þjónustu sem þar stendur til boða.

Í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar eru Ágúst Bjarni Garðarsson, alþingismaður, Halldóra F. Þorvaldsdóttir, varaþingmaður og formaður velferðarráðs Reykjanesbæjar, Haraldur Þorleifsson, verkefnastjóri hjá Twitter, Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, formaður Sjálfsbjargar, Ósk Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar og Þorleifur Gunnlaugsson. Starfsmaður nefndarinnar er Óskar Þorleifsson, hagfræðingur og starfsmaður innviðaráðuneytisins.

Fyrir stjórn liggur að kortleggja landið og útvega fólk í hönnun og rampagerð. Það er ljóst að byrjað verður á fjölförnum stöðum miðsvæðis í þéttbýli og lægstu hindrununum (ein trappa er jafn mikil hindrun og tíu) þótt vel kæmi til greina að klára það sem fyrir liggur á fáfarnari og fjarlægari stöðum. Stjórnin leitast við að skipta fjármagni eftir mannfjölda og þörfum en hafa ber í huga að verkefnið tekur fjögur ár og ekki er hægt að sinna öllum svæðum í einu. Stofnunin mun, eins fljótt og auðið er sinna aðilum í sveitarfélögum sem eru reiðubúnir til samstarfs og hafa nauðsynleg bjargráð.

Fjármögnun er í raun lokið en auðvitað eru ákveðnir óvissuþættir. Áhersla er á lægstu rampana, verð v/vinnu þarf að vera hagstætt og samstarf við sveitarfélög gott. Haldið verður áfram þeirri vegferð að vinna og efni vegna rampanna verði í boði sjóðsins.

Verið er að vinna heimasíðu verkefnisins, rampur.is en þar má sjá að Ueno, Innviðaráðuneytið, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Davíð Helgason, Össur og InfoCapital leggja fram fjármagn og fleiri eru að bætast í hópinn s.s. ÖBÍ og Sjálfsbjörg. Mikilvæg framlög í formi vinnu án endurgjalds koma frá Deloitte, Lex lögmannsstofu, Gæðaendurskoðun slf, Brandenburg, Aton.JL., Eflu og BM vallá hefur bæst í hópinn með allar hellur sem til þarf.

Römpum upp Ísland er í beinu framhaldi af Römpum upp Reykjavík, þar sem markmiðið var að klára hundrað rampa á einu ári en raunin varð 101 rampur á átta mánuðum.

Þetta hefði ekki tekist án aðkomu fjölmargra sem lögðu til fjármagn, vinnu og aðra aðstoð án endurgjalds. Lykilþátttakandi var umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar (USK) sem einsetti sér strax í upphafi að gera það sem í þess valdi stæði til að átakið gengi hratt og vel fyrir sig.

USK skapaði umhverfi sem auðveldaði verktökum og hönnuðum verkið. Það uppfærði verkferla, gerði regluverkið hagstætt fyrir framkvæmdirnar og útvegaði gjaldfrjálst afnotaleyfi. Sviðið útvegaði auk þess tengilið vegna hitalagna í stétt, afhenti verktökum bílastæðakort fyrir stæði við verkstað, bauðst til að sinna hugsanlegum samskiptum við Veitur, skannaði stóran hluta miðbæjarins fyrir því sem þau töldu auðvelt að gera aðgengilegt og afgreiddi flestar umsóknir með dagsfyrirvara. USK útvegaði einnig svæði í miðbænum til að geyma sand og hellur og úrgang sem til féll á meðan á verkefninu stóð.

Þetta ættu þau sveitarfélög sem vilja taka þátt í verkefninu að hafa í huga en við hlökkum til að eiga samstarf um þetta mikilvæga mannréttindaátak, sem kemur jafnframt til með að laða að mun fleiri ferðalanga.

Fyrir hönd stjórnar Römpum upp Ísland,
Þorleifur Gunnlaugsson, stjórnarformaður.

Hægt er að hafa samband á rampur@rampur.is